

Hjúkrunarfræðingur á öldrunarheimili



Anna María Guðjónsdóttir

Deild hjúkrunarfræðinga við Eyjafjörð er hluti af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga sem á 100 ára afmæli í ár. Af þessu tilefni hafa hinir ýmsu hjúkrunarfræðingar í Eyjafirði skrifað greinar sem fjalla um þá og þau fjölbreyttu störf sem þeir inna af hendi í samfélaginu okkar.

Árið 2010 flutti ég frá Ísafirði til Akureyrar til að læra hjúkrunarfræði við háskólann. Ég hafði aldrei unnið við umönnun og vissi í rauninni ekki alveg hvað ég væri að fara útí. Mér líkaði vel í skólanum og fann strax að þetta nám átti vel við mig. Á námsárunum vann ég á sumrin á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og svo á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þessi tími var mjög lærdómsríkur. Ég útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Háskólanum á Akureyri árið 2014 og hef unnið á Aspar- og Beykihlíð á Öldrunarheimilum Akureyrar (ÖA) frá því þá um haustið en undanfarið ár hef ég verið aðstoðar forstöðumaður.

Á Öldrunarheimilum Akureyrar búa rúmlega 180 íbúar en þar sem ég starfa, á Aspar- og Beykihlíð, búa 30 einstaklingar í hjúkrunarrýmum. Hjúkrunarfræðingar eru ráðnir á sérstök heimili en á kvöldin, næturnar og um helgar getur verið að viðkomandi sé á bakvakt fyrir fleiri heimili. Íbúarnir okkar eru eins misjafnir og þeir eru margir, með mismunandi heilsufarsvandamál sem oft á tíðum eru fjölþætt. Margir íbúanna glíma við einhverskonar heilabilun og til að geta sinnt þeirra þörfum skiptir öllu máli að þekkja íbúann, sögu viðkomandi og geta metið þau einkenni sem hann sýnir því oft getur íbúinn átt erfitt með að tjá líðan sína. Einkenna- og líknarmeðferð er stór þáttur í umönnun íbúanna sem og upplýsingagjöf og stuðningur við aðstandendur. Það skiptir mjög miklu máli fyrir alla aðila að samskipti séu góð og upplýsingar komist greiðlega til skila. Á ÖA veitum við íbúum ýmsar hjúkrunarmeðferðir á þeirra heimili og getum varnað innlögnum á sjúkrahús. Þverfagleg vinna ýmissa starfstétta tryggir íbúum eins góða umönnun og vöð er á. Þegar kemur svo að því að hjúkra íbúum við lífslok þá reynum við eftir fremsta megni að draga úr einkennum og tryggja að einstaklingurinn geti dáið með reisn. Dauðinn er viss þáttaskil í lífi hvernar fjölskyldu og er okkur mikilvægt að upplifun allra aðila sé eins bærileg og mögulegt er. Þá er mikilvægast af öllu að vera fær í mannlegum samskiptum og geta veitt umönnun af alúð, hlýju og væntumþykju.

Ég er virkilega stolt af því að vinna á Öldrunarheimilum Akureyrar og fá að taka þátt í því frábæra starfi sem þar er unnið. Starfsandinn er góður og samstarfsfólkið frábært. Allir hafa það að markmiði að tryggja að íbúarnir finni ekki fyrir einmanaleika, vanmáttarkennd og leiða en unnið er eftir Eden hugmyndafræðinni og þjónandi leiðsögn. Á síðustu árum hefur ÖA unnið að mörgum nýsköpunar- og þróunarverkefnum og verður eflaust ekkert lát á því í framtíðinni.

Ég hef lært mikið á því að vinna við öldrunarhjúkrun. Það er gefandi og skemmtilegt að vinna með öldruðum, við getum lært svo mikið af þeim sem eldri eru og lífsreindari. Aldraðir eru ört stækkandi hópur í samfélaginu og er þeim ekki aðeins hjúkrað á öldrunarheimilum, þeim er sinnt víðsvegar í heilbrigðiskerfinu. Það eru mörg tækifæri til staðar í öldrunarhjúkrun og er alltaf verið að leita leiða til þess að gera umönnun aldraðra sem besta og bæta þjónustuna. Auðvelda þarf þó kerfið og samþætta þjónustuna betur svo efri árin verði öldruðum áhyggjulaus.

Mér finnst að auka þurfi fræðslu eða breyta kennslu í öldrunarhjúkrun í hjúkrunarnáminu svo bæði nemar og útskrifaðir hjúkrunarfræðingar sjái hvaða tækifæri eru virkilega til staðar innan öldrunarhjúkrunar. Þar er heilmikið að læra, starfið getur verið mjög fjölbreytt og krefjandi. Almennt séð, þá þarf að fjölga hjúkrunarfræðingum. Það þarf að bæta launakjör og halda hjúkrunarfræðingum í starfi innan heilbrigðisgeirans.

Ég get vel hugsað mér að mennta mig á sviði öldrunarhjúkrunar í náinni framtíð. Möguleikarnir innan hjúkrunar eru hinsvegar miklir og því aldrei að vita hvert starfsferillinn stefnir en eftir 20 tel ég allar líkur á því að ég verði enn starfandi við hjúkrun og líki enn svona vel við þennan starfsvettvang.